

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 Hella

Garðabær, 13.11.2024
Málsnúmer: 202409-0053
IAS

Efni: Efnistaka við Langöldu, Landmannaafrétti. Breyting á aðalskipulagi.

Við er í erindi frá Rangárþingi ytra, frá 27. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna breytinga á aðalskipulagi vegna efnistöku við Langöldu.

Fyrirhugað er að enduopna efnistökusvæði vestan til í Langöldu, m.a. vegna framkvæmda við gerð vindlunda ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030 og er heildarstærð efnistökusvæðis 11,4 ha.

Aðkoma að svæðinu er frá Sprengisandsleið (nr. 26) og nú þegar eru gamlir námuvegir og slóðar að námunni sem þó þarfnast endurbóta. Svæðið er innan skilgreinds landgræðslu- og skógræktarsvæðis og er það hluti af SL26 Árskógar þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu lands. Einnig er það skilgreint sem þjóðlenda. Þá er svæðið innan hverfisverndar HV13 sem tekur yfir Rangárvalla og Landmannaafrétt.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Fyrirhugað efnistökusvæði er á landi sem að hluta til hefur verið raskað vegna fyrri efnistöku. Það er lítt gróið og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru ríkjandi vistgerðir eyðimelavist og grasmelavist, sem báðar hafa lágt verndargildi, en einnig eru sýndir litlir blettir með öðrum vistgerðum, með hærri verndargildi. Þess ber þó að geta að vistgerðarkortið er ónákvæmt í þeim mælikvarða sem hér um ræðir. Gróðurinn er mestur þar sem lækir renna á mótum Langöldu og nútímahrauna og er mikilvægt að hlífa því svæði, bæði vegna gróðurs og landslags.

Efnistökusvæðið er á móbergshrygg, Langöldu, sem myndaðist á jökulskeiði fyrir minna en 700 þúsund árum og þar er ekki að finna jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Aðkomuvegurinn að námunni, sem þegar er til staðar, liggur hins vegar á Búrfellshrauni sem er um 3200 ára gamalt og nýtur verndar eins og önnur nútímahraun. Æskilegt er að hrauninu verði ekki raskað frekar vegna efnistökunnar.

Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis, Rangárvalla- og Landmannaafréttir (HV13) en um það segir m.a. í lýsingu í aðalskipulagi: „Stór samfelld svæði gosminja, viðlend hraunasvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull.“ Þá er svæðið alveg við Sprengisandsleið og mun það blasa við þeim sem leggja leið sína inn á hálendið. Ásýndaráhrif verða því mikil á framkvæmdatíma og þarf að venda vel til við efnistöku og ekki síst frágang til að lágmarka ásýndaráhrif að efnistöku lokinni.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur